

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. febrúar 1986 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur. Breytingin tekur til landnotkunar á svæði er markast af Lágmúla, Háaleitisbraut og Kringlumýrarbraut þannig að í stað útivistarsvæðis kemur verslunar- og miðbæjarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hún verði staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

Nr. 88

7. febrúar 1986

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

- | | |
|--|----------|
| 1. Afgreiðslugjöld | kr. |
| 1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina | 450,00 |
| 1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini | 150,00 |
| 1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga | 1 500,00 |
| 1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breytinga skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarkerkjum | 450,00 |
| 2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara. | |
| 2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtakþunga þeirra. | |
| 2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald. | |
| 2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds. | |
| 2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t. d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð. | |
| 2.5 Hálftr árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálftr ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð. | |
| 2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) far-
gjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins. | |

2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfilhreyflum eru:

a) fyrir loftför allt að 5700 kg	3,00 kr/kg
b) fyrir loftför 5701–50000 kg	17 100,00kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	1,35 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	76 900,00kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	0,70 kr/kg

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtakspunga þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um, hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.

3.3 Hálftr árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálftr ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:	kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	2 250,00
b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg	4 500,00
c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg	15 000,00
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	22 500,00

4. Prófgjöld.

4.1 Fyrir bókleg próf greiðast eftirtalin gjöld:

a) einkaflugmannspróf	750,00
b) atvinnuflugmannspróf I. og II. flokks	1 500,00
c) blindflugspróf	1 125,00
d) flugkennarapróf	1 125,00
e) flugumsjónarmannspróf	1 500,00
f) flugvélataeknispróf	1 500,00
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjóraþróf	750,00
h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	300,00

4.2 Verklegr próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

5.1 Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurlugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 33 10. janúar 1985 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.